

VÍKINGUR

SKIPULAG BARNNA - OG
UNGLINGASTARFS



BUR fótolti
2023

Skipulag barna- og unglingastarfs

Barna- og unglingaráð Víkings (BUR) eru foreldrar barna í Víkingi sem eiga það sameiginlegt að hafa verið í foreldraráðum og sinnt ýmsum sjálfbóðaliðastörfum fyrir félagið. Þessar leiðbeiningar eru því settar saman til þess að hjálpa foreldraráðum og vonandi virkja fleiri til að taka þátt í foreldrastarfinu með okkur.

Barna- og unglingaráð

Tilgangur barna- og unglingaráðs (BUR) er að halda utan um knattspyrnustarf barna og unglunga 16 ára og yngri. Starfið fer að mestu fram í 3. til 8. flokks bæði í Safamýri og í Víkinni. Í stjórn BUR sitja forsjáradilar iðkenda í félaginu sem eiga það sameiginlegt að hafa verið virkir þátttakendur í stafi félagsins. Með öðrum orðum forsjáradilar reka sjálfir knattspyrnustarf barna- og unglunga Víking.

BUR ræður yfirþjálfara og í samstarfi við hann eru aðrar þjálfarastöður mannaðar. Yfirþjálfari og aðrir þjálfarar starfa eftir stefnuyfirlýsingu Víkings, hefð og venjum félagsins ásamt m.a. jafnréttisstefnu og siðareglum Víkings.

Önnur verkefni og fjáraflanir sem BUR stendur fyrir:

- Cheeriosmót
- Ýmiss námskeið
- Boltaskóli barnanna
- Afreksæfingin
- Þorablót Víkings (í samvinnu við BUR handbolta)
- Jólatrjáasöfnun (í samvinnu við BUR handbolta)

BUR hefur sjálfstæðan fjárhag og fjármálum þess er haldið aðskilið frá öðrum einingum félagsins s.s. afreksstarfi í knattspyrnu, öðrum deildum og aðalstjórn. Starfsfólk aðalstjórnar sér um bókhald og greiðslu reikninga fyrir BUR ásamt öðrum tengdum verkefnum.

Íþróttastjóri kemur að margvíslegum verkefnum BUR, m.a. skráningu iðkenda, skipulagningu móta, æfingatöflur o.fl. BUR starfar undir knattspyrnudeild en er sjálfstætt í sínum ákvörðunum.

Foreldraráð

Foreldraráð eru mikilvægur hlekkur í starfi félagsins. Foreldraráð hefur samstarf við BUR og aðalþjálfara um skipulag verkefna hvers flokks. Aðalþjálfari hvers flokks ber ábyrgð að kosið sé í foreldraráð á hverju hausti. Æskilegt er að í foreldraráði séu fulltrúar bæði af yngra og eldraári og gott er að fulltrúar séu úr sem flestum skólum á svæði Víkings. Koma þarf upplýsingum um það hverjir sitja í foreldraráði til BUR eftir kosningu sem setur það svo á heimasíðu Víkings.

Helstu hlutverk foreldraráða:

1. Foreldraráð mætti kalla verkstjórar flokka – aðilar sem eru í foldraráðum eiga ekki að vinna alla vinnuna frekar sjá um að virkja sem flesta.
2. Tengiliðir við þjálfara og miðla upplýsingum til forsjáraðila
 - a. Víkingur notar Sportabler til að halda utan um samskipti milli þjálfara og forsjáraðila
 - b. Foreldraráð geta stofnað facebook síður fyrir foreldra til að hafa samskipti sín á milli.
3. Skipuleggja keppnisferðir og hópefli í samvinnu við þjálfara
4. Skipuleggja fjáraflanir til að standa straum af ferðakostnaði. Senda þarf afrit af reikningum vegna fjáröflunarvara á vikingur@vikingur.is
5. Gjaldkeri foreldraráðs hefur prókúru á reikning viðkomandi flokks hjá Víking. Hann sér um greiðslur sem inna þarf af hendi fyrir hvert mót og heldur utan um inneignir barna sem koma í fjáröflunum.
6. Að hausti þarf gjaldkeri að gera flokkinn upp, halda utan um inneignir þeirra sem halda áfram í flokknum og greiða út inneignir þeirra sem fara upp um flokk. Miðað skal við að ekki sé en hærrí upphæð en 100.000 kr inn á reikningi flokksins.

Keppnisnúmer og búningar yngri flokka

Í 7. flokki fá iðkendur fyrst úthlutað keppnisnúmeri, börn sem eru fædd á ári með slétta tölu fá slétt keppnisnúmer og þau sem eru fædd á oddatölu ári fá odda tölu númer, t.d fá börn fædd 2016 sléttar tölur en þau sem eru fædd 2017 fá oddatölur.

Ekki er hægt að velja númer eða óska eftir sérstöku númeri. Íþróttastjóri í Víkinni dregur númer af handahófi fyrir alla iðkendur í 7. flokki. Keppnisnúmerin fylgja iðkendum upp og fram í 3. flokk.

Undanfarin ár hefur verið sameiginlegt númerakerfi með BUR handbolta en vegna fjölgunar bæði í fótbolta og handbolta er ekki unnt að halda því samstarfi áfram.

Þegar nýr iðkandi kemur inn í félagið eftir að skráningu í viðeigandi flokk er lokið, þá óskar iðkandi eftir því að fá keppnisnúmer hjá íþróttastjóra sem starfar í Víkinni.

Ef keppandi hefur ekki verið með virka skráningu í eitt ár þá missir hann keppnisnúmerið sitt, snúi viðkomandi tilbaka er nýju númeri úthlutað ef fyrra númer er komið í notkun.

Nýr keppnisbúningur yngri flokka kemur annað hvert ár, næst vorið 2024. Síðustu fjórir keppnisbúningar hafa verið innifaldir í æfingagjöldum sem greidd eru á tímabilinu janúar til ágúst. Óvist er hvort svo verði árið 2024, fyrirkomulag verður tilkynnt síðar.

Tryggingar iðkenda

Almennt er það að hver og einn er á eigin ábyrgð í sinni íþróttaiðkun. Mikilvægt er að forsjáraðilar geri sér grein fyrir því að börn eru á þeirra ábyrgð í íþróttum hverju sinni.

Samkvæmt íslenskum lögum bera þau félög og samtök sem standa fyrir félags- og tómsundastarfi ekki sjálfkrafa ábyrgð á slysum sem börn verða fyrir í starfinu. Því er mikilvægt að foreldrar kynni sér þetta og sé í sambandi við sitt tryggingarfélag.

Heimilistryggingar fela oft í sér ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem börn valda og sumar fela líka í sér slysatryggingar vegna tjóns sem börn valda og enn aðrar fela líka í sér slysatryggingu vegna slysa sem börn verða fyrir í frítíma. Þar sem að slíkum slystryggingum sleppir er barn eða ungmenni ekki tryggt í félags- og tómstundastarfinu frekar en þegar það er úti að leik.

Fjölskyldu- og heimilistryggingar innihalda flestar slysatryggingar í frítíma sem tryggja börn við æfingar og í keppni að 16 ára aldri. Þær tryggingar greiða bætur vegna sjúkrakostnaðar, varanlegrar örorku og andláts af völdum slysa.

Skaðabótaskylda félaga og/eða þjálfara á eingöngu við ef sá sem stendur fyrir starfinu hefur sýnt af sér sök, t.a.m. vanrækslu við að gæta barna, og það veldur slysi.

Frekari upplýsingar um tryggingamál félagasamtaka má finna á [heimasíðu Víkings](#) og í bæklingi sem gefinn var út af menntamálaráðuneytinu um ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglunga.